

# **Skipulagsskrá Minningarsjóðs Sigþórs Bessa Bjarnasonar, stærðfræðings**

## **1. gr. Nafn félags**

Félagið heitir *Minningarsjóður Sigþórs Bessa Bjarnasonar, stærðfræðings*.

## **2. gr. Heimili og varnarþing**

Heimili félagsins og varnarþing er að *Næfurási 3, 110 Reykjavík*.

## **3. gr. Markmið félagsins**

Tilgangur félagsins er að efla kennslu og auka áhuga nemenda á tölvunarfræðum við Menntaskólann í Reykjavík, hér eftir nefndur MR.

## **4. gr. Framkvæmd markmiða**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með i) fjármögnun og ii) úthlutun.

- i. Sjóðurinn er fjármagnaður með tvennum hætti: 1) Með frjálsum framlögum félagsmanna, sem og annarra einstaklinga og fyrirtækja og 2) með ávöxtun framlaga (skv. 12. grein).
- ii. Félagið mun árlega veita ein bókarverðlaun til þess nemanda við MR sem þykir hafa skarað fram úr í tölvunarfræðum. Ákvörðun um veitingu verðlaunanna skal tekin í samráði við rektor MR, og kennara í tölvunarfræðum. Verðlaunin skulu veitast við einkunnaafhendingu skólans við lok vormisseris.
  - a. Að öllu jöfnu skulu verðlaunin veitt þeim nemanda sem hæstu einkunn hlýtur í áfanganum „Tölvunarfræði“ við 6. bekk, nema stjórn sjóðsins sjái ástæðu til þess að veita öðrum nemanda verðlaunin eða fresta úthlutun verðlaunanna vegna fjárhagsástæðna.

## **5. gr. Félagsaðild**

Einstaklingar gerast félagar í sjóðnum með því að leggja því til fjárframlag. Ef lögaðilar leggja sjóðnum til framlag er þeim heimilt að tilnefna fulltrúa sinn sem féлага. Stjórn sjóðsins skal halda félagatal. Sérstakt félagatal skal halda um stofnendur sjóðsins, sem eru allir þeir er höfðu lagt sjóðnum til fjárframlag í lok dags 31. desember 2014.

## **6. gr. Starfstímabil**

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

## **7. gr. Aðalfundur**

Aðalfund hvers starfstímabils skal halda eigi síðar en 1. mars eftir að því líkur, og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfund skal halda ár hvert. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála, nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessum samþykktum. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram. Sérstaklega mun stjórn fara yfir ávöxtun sjóðsins á liðnu starfstímabili.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

## **8. gr. Stjórn félagsins**

Stjórn félagsins skal skipuð 5 félagsmönnum, formanni, gjaldkera, ritara og 2 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

## **9. gr. Félagsgjald**

Félagsgjöld eru engin. Félagið skal fjármagnað af frjálsum framlögum félagsmanna, sem og annarra einstaklinga og lögaðila. Ákvörðun um félagsgjald má endurákvarða á aðalfundi.

## **10. gr. Ráðstöfun hagnaðar**

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í að auka við höfuðstól félagsins, eða í öðrum tilgangi í samræmi við tilgang félagsins, samþykktum á aðalfundi.

## **11. gr. Slit félagsins**

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til MR. Sú skylda mun fylgja öllum fjármunum sem renna til Menntaskólans að honum skuli vera ráðstafað í þágu nemenda. Aðalfundur sem tekur ákvörðun um slit

félagsins skal samþykkja hvernig MR muni ráðstafa fjármununum.

## **12. gr. Ávöxtun framlaga**

Ávöxtun fjármuna félagsins er bundin af reglum sem settar eru fram í fylgiskjali „Ávöxtun fjármuna Minningarsjóðs Sigbórs Bessa Bjarnasonar, stærðfræðings“. Reglum um ávöxtun fjármuna félagsins má einungis breyta með auknum  $\frac{2}{3}$  meirihluta félagsmanna á aðalfundi.

Lög þessi voru samþykkt á stofnfundi sjóðsins 9. september 2013, uppfærð 2. október 2013 30. desember 2014 og 12. janúar 2016:

Andrés Þorleifsson, meðstjórnandi, kt. 271285-2139

Ásgeir Birkisson, formaður, kt. 131185-2199,

Ólafur Sveinn Haraldsson, meðstjórnandi, kt. 280285-2349,

Sveinn Friðrik Gunnlaugsson, meðstjórnandi, kt. 060985-2789,

Vilhjálmur Steingrímsson, meðstjórnandi, kt. 140485-2769.